

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Reykhólahreppi.

1. gr.

Þegar Reykhólahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem sveitarfélagið hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á Sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skulp frá því út í aðalræsið. Regnvatn of húsum og lóðum skal einnig, svo sem kostur er, leiða í ræsi. Vanræki húseigandi að láta gera holræsi eða endurnýja eldra (frá húsi að göturæsi) innan hæfilegs frests, sem sveitarstjóri ákveður, getur sveitarfélagið látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Reykhólahreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum. Heimlagin og viðhald þeirra eru á kostnað húseiganda. Við raðhús, fjölbýlishús og aðrar stærri byggingar skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, undir yfirumsjón hreppsnefndar, fer með stjórn framkvæmda, sem varða holræsakerfi á vegum sveitarfélagsins. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni stjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal harm fá samþykki umsjónamanns þar til. Húseigandi skal leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu ef krafist verður. Skylt er húseignanda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns um allt það, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn sveitarfélagsins ávallt eftirlit með því. að vel og örugglega sé frá öllu gegnið.

4. gr.

Allt efni sem notað er til holræsagerðar skal standast þær kröfur sem til þess eru gerðar í byggingarreglugerð, en auk þess getur hreppsnefnd sett reglur um holræsaefni, t.d. ef um nýjungar er að ræða. Þá getur hreppsnefnd gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða tengigjald sem hér segir:

Tengigjald fyrir einbýlishús er 10.000 kr.

Tengigjald fyrir fjölbýlishús er 10.000 kr. fyrir fyrstu íbúð en 5.800 kr. á íbúð þar umfram.

Tengigjald fyrir atvinnuhúsnæði er 20.000 kr.

Tengigjöld skulu greidd eða um greiðslu þeirra samið áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

Þá skal hver húseigandi er tengt hefur hús sitt holræsakerfi á vegum sveitarfélagsins greiða árlegt holræsagjald sem nemur 0,25% af fasteignamati húss og lóðar.

Gjöldum samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn ekki heimilt að breyta til hækkunar eða lækkunar án staðfestingar ráðuneytisins. Allar krónutölur í grein þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2000 (236,7 stig) og breytast í samræmi við hana.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Kröfur sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanna og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í tvö næstu ár eftir gjaldaga, með forgangarétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldldagi holræsagjalda er hinn sami og fasteignaskatta.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við lögum samkvæmt. Með má út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps í A-Barðastrandarsýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 148/1976 um holræsi í Reykhólahreppi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.